



Umferðaröryggi

Okkar mál!

Grindavík 8. – 9. nóvember 2018



## UMFERÐARÖRYGGI OKKAR MÁL!

Dagana 8.-9. nóvember var haldið málþing um ungt fólk og umferðaröryggi. Ungmennaráð Grindavíkurbæjar stóð fyrir málþinginu og þátttakendur voru fulltrúar ungmennaráða af Suðurlandi, Suðurnesjum, Hafnarfirði, Kópavogi og Mosfellsbæ auk embættismanna, sveitarstjórnarmanna, þingmanna og ráðherra. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ auk þess sem fjöldi fyrirtækja lögðu verkefninu lið. Erasmus+ styrkir verkefni sem flokkast undir „Fundir ungs fólks og ráðamanna“ þar sem hvatt er til funda ungs fólks og ráðamanna sem snúast um að ungt fólk geti átt í samræðum við þá sem fara með völd í samfélaginu.

Ungmennaráð Grindavíkur sótti um og fékk styrk til þess að halda fund þar sem ræða átti um umferðaröryggismál enda brennur þessi málaflökkur þungt á ungu fólki sem og öðrum aldurshópum. Ungt fólk á Suðurlandi, Suðurnesjum og nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur búa við þær aðstæður að þurfa oft að aka erfiða vegi til og frá skóla. Styrkurinn frá Erasmus+ gerði ungmennaráði kleift að bjóða þátttakendum til fundarins, bjóða þátttakendum gistingu, greiða fyrir ferðir og uppihald, fá til liðs fyrirlesara og afþreyingu fyrir gesti á fimmtudagskvöldinu. Hér má sjá dagskrá málþingsins:

### Fimmtudagur 8. nóvember

**12:00** Skráning og hádegismatur í Kvikunni, gengið að Ásabraut

**13:00** Setning málþings í Grunnskóla Grindavíkur á Ásabraut

- **Sigurður Ingi Jóhannsson**, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- **Karín Óla Eiríksdóttir** formaður ungmennaráðs Grindavíkur
- **Björn Kristjánsson og Runólfur Ólafsson** Félag íslenskra bifreiðareigenda
- **Kolbrún G. Þorsteinsdóttir** Samgöngustofa *Ungt fólk og umferðaröryggi*

**14:30-16:30** HópaVinna. Fundargestum skipt upp í hópa og unnið undir handleiðslu

RR-ráðgjafa. Kaffihlé 15:00

Veltibíll og ökuhermir eru opnir fundargestum frá klukkan 16:30

**KVÖLDVAKA Á SALTHÚSINU**, Ingó Veðurguð og Andri Ívars uppistandari sjá um skemmtunina



Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB

SmartSign.com - 800-952-1457 - K2 0610



GRINDAVÍKURBÆR

**Föstudagur 9. nóvember í Gjánni**

**09:00 Sigurður Óli Þórleifsson forseti bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, *Setning málþings***

**09:15-09:30 Friðrik Þór Sigurðsson Ungmennaráð Grindavíkur – *Ungt fólk og umferðaröryggi – af hverju að halda ráðstefnu eins og þessa?***

**09:30-09:50 Karín Óla Eiríksdóttir Ungmennaráð Grindavíkur - *Samantekt frá fundi ungs fólks og ráðamanna***

**09:50 – 10:15 Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Samgöngustofa *Ungt fólk og umferðaröryggi*  
**Kaffihlé****

**10:30-10:55 Svanur Bjarnason Svæðisstjóri Vegagerðar. *Kynning á tillögu að samgönguáætlun fyrir Suðursvæði 2019-2033 og 2019-2023***

**10:55-11:20 Runólfur Ólafsson FÍB – *EuroRAP, ávinningur og öryggi***

**11:20-12:00 Ólafur Kr. Guðmundsson *Vegaáætlun með gagnrýnum augum***

**Hádegishlé**

**13:00-13:30 Löreglan – *tölur og viðvaranir***

**13:30-14:00 Sævar Helgi Lárusson RNSA *Oraskir og afleiðingar alvarlegra umferðarslysa***

**14:00-14:30 Gunnar Dofri Ólafsson Framgöngur samtök um framtíðarsamgöngur *Kasetta, mótald og bíll með stýri***

**14:30-15:00 Pallborðsumræður og fundarslit**

Við vorum mjög ánægð með hvernig til tókst, þátttaka var góð, þátttakendur tóku virkan þátt í umræðunum á fimmtudeginum og fengu gestir góðar heimsóknir frá ráðherra sveitarstjórnar- og samgöngumála, frá fjölmiðlum, þingmönnum og öðrum sem koma að stefnumótun og framkvæmd samgöngumála. Formaður Ungmennaráðs Grindavíkur, Karín Óla Eiríksdóttir var fulltrúi ungmennaráðs og þátttakenda í fjölda viðtala og eftir að málþinginu lauk hefur Ungmennaráð Grindavíkurbæjar heimsótt Samgöngunefnd Alþingis þar sem hópurinn deildi niðurstöðum hópavinnu fimmtudagsins með nefndinni.

**HÓPAVINNA – VINNUSTOFA , FIMMTUDAGUR**

Í hópavinnunni/vinnustofu var þátttakendum skipt upp í hópa, unnið var í tvær og hálf klukkustund, 35 ungmenni og 5 fullorðnir tóku þátt. Vinnustofan fór fram með þjóðfundarfyrirkomulagi og virkri þátttöku allra þátttakenda. Ungmennaráð Grindavíkur ákvað umræðuefni/viðfangsefni. Hópnum var skipt í fimm borð með 6-8 þátttakendum, þátttakendur fluttu sig á milli borða milli viðfangsefna og fjallað var um þrjú viðfangsefni:

- Um hvað snúast umferðaröryggismál?
- Framtíðarhorfur í umferðaröryggismálum
- Brýnustu verkefni í umferðaröryggismálum að mati ungs fólks

Hóparnir unnu með hvert viðfangsefni fyrir sig, nýjir hópar myndaðir og næsta viðfangsefni tekið fyrir. Helstu niðurstöðum er ráðað eftir forgangsröðun þátttakenda Helstu niðurstöður hópavinnu eru eftirfarandi:



*Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB*

SmartSign.com - 800-952-1457 - K2 0610



GRINDAVÍKURBÆR

## I UM HVÆÐ SNÚAST UMFERÐARÖRYGGISMÁL?

Þátttakendur ræddu um stöðu mála, hvað þurfi að bæta og hvernig eigi að berjast fyrir auknu öryggi í umferðinni

- Lög og reglur, að framfylgja reglum
- Athygli vegfarenda
- Fræðslu
- Búnaður í bílum
- Sætisbeltanotkun
- Öryggi fyrir alla í umferðinni (bílar, mótorhjól, hjól og gangandi)
- Bætta vegi / umferðarmannvirki

## II FRAMTÍÐARHORFUR Í UMFERÐARÖRYGGISMÁLUM

Þátttakendur horfðu 12 ár fram í tímann og veltu fyrir sér hver staðan verður árið 2030:

- Árið 2030 hefur tæknin breytt mjög miklu í umferðinni. Rafmagnsbílar eru algengir og sjálfkeyrandi bílar komnir á markað. Almenningsamgöngur hafa batnað og lest er starfrækt á Íslandi. Vegakerfið hefur tekið miklum breytingum, búið er að tvöfalda stofnvegi út frá Reykjavík og allan hringveginn er tvöfaldur vegur. Einbreiðum brúm hefur fækkað um 80% frá því sem nú er og hjólaðafólk getur hjólað á sérstökum stígum.
- Snjalltæknin hefur skilað miklum árangri í bættu umferðaröryggi, en það er hins vegar nýr áhættuþáttur kominn, tæknibílanir í sjálfkeyrandi bílum.

## III BRÝNUSTU VERKEFNI Í UMFERÐARÖRYGGISMÁLUM AÐ MATI UNGS FÓLKS

Þátttakendur röðuðu verkefnum upp í forgangs röð með það fyrri augum að finna brýnustu verkefni til næstu missera. Þau lögðu áherslu á eftirfarandi:

- Forvarnir
- Fræðsla
- Almenningsamgöngur
- Endurskin/sýnileiki
- Bæta vegakerfið
- Aðgerðir fyrir ferðamenn
- Útrýma einbreiðum brúm

Eins og sjá má á þessari upptalningu er niðurstaða þátttakenda að auka þurfi forvarnir, fræðslu og að farið sé eftir lögum og reglum. Þátttakendur voru fyllilega meðvitaðir um umræðuna um bætta vegasamgöngur en bentu á mikilvægi fræðslu til þeirra sem vegakerfið nota og að færni allra notenda sé aukin/tryggt.



## FYRIRLESTRAR, FÖSTUDAGUR

Fjölbreytt dagskrá beið fundarmanna á föstudeginum og hófst hún á ávarpi forseta bæjarstjórnar Grindavíkur og við tóku fróðleg og upplýsandi erindi frá ýmsum aðilum. Fulltrúi Samgöngustofu fór yfir verkefni Samgöngustofu, þau forvarnarverkefni sem unnið hefur verið að og það efni sem er að finna á heimasíðu Samgöngustofu. Fulltrúi FÍB fór yfir þau verkefni sem snúa að mati á vegaðryggi, EuroRap, fulltrú Vegagerðarinnar fór yfir forgangsroðun verkefna innan fjórðungsins og þau verkefni sem sérstök áhersla verður lögð á næstu árin, Ólafur Kr. Guðmundsson fór með gagnrýnum augum yfir vegáætlun, Sævar Helgi Lárusson fjallaði um orsakir og afleiðingar alvarlegra umferðarslysa og að lokum fóru fundarmenn á flug með Gunnari Dofra Ólafssyni þegar horft var til framtíðar, velt fyrir sér þróun umferðarmenningar um leið og horft var til framtíðar. Erindin voru áhugaverð, boðið var uppá fyrirspurnir og tóku fundarmenn mikinn þátt í umræðum eftir erindin.

## ÁLYKTUN FULLTRÚA UNGMENNARÁÐA Á MÁLÞINGINU UMFERÐARÖRYGGI OKKAR MÁL! SEM HALDIÐ VAR Í GRINDAVÍK 8.-9. DESEMBER 2018

**Fulltrúar ungmennaráða á málþinginu UMFERÐARÖRYGGI OKKAR MÁL! skora á stjórnvöld að efla enn frekar fræðslu og forvarnir í umferðaröryggismálum og setja fram skýra stefnu og aðgerðaáætlun um úrbætur í almenningssamgöngum og vegakerfinu. Árangur í fækkun slysa af völdum ungs fólks í umferðinni sýnir að hækkun bílprófsaldurs er ekki brýnasta verkefnið. Aukin fræðsla og áhersla á forvarnir eru tæki sem þarf að nýta og stórefla þarf kennslu á öllum skólastigum um umferðaröryggi.**

Brýnt er að fræða erlenda ökumenn um aðstæður á Íslandi og bæta aðstæður fyrir ferðamenn. Auk þess er löngu tímabært að einbreiðum brúm verði útrýmt. Að mati ungs fólks er nauðsynlegt að aðskilja akstursstefnur á fjölförnum vegum. Tæknin mun á næstu árum gjörbreyta umferðinni á Íslandi og það er brýnt að byrja nú þegar að undirbúa bæði vegakerfið og vegfarendur undir þær breytingar.

Ungt fólk er tilbúið að taka þátt í þeirri stefnumótun. Umferðaröryggi er okkar mál!

## Fyrir hönd þátttakenda á málþinginu UMFERÐARÖRYGGI OKKAR MÁL! Ungmennaráð Grindavíkurbæjar

Ályktun fundarins verður send til fjölmiðla, sveitarstjórnarmanna, þingmanna og ráðherra auk þeirra stofnana og aðila sem unnu að undirbúningi og framkvæmd málþingsins með okkur.

Við viljum þakka öllum þeim sem studdu okkar, veittu okkur beina styrki, lögðu til veitingar, héldu erindi og sátu með okkur á vinnufundinum, fyrir gott samstarf.

Fyrir hönd Ungmennaráðs Grindavíkur

Karín Óla Eiríksdóttir



Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB

SmartSign.com - 800-952-1457 - K2 0610



GRINDAVÍKURBÆR



## TAKK FYRIR ÞÁTTTÖKUNA!

Kærar þakkir fyrir að taka þátt í málþinginu okkar um ungt fólk og umferðaröryggi, *Umferðaröryggi Okkar mál!* sem við höldum í Grindavík 8.-9. nóvember. Þátttaka þín hjálpar okkur að draga fram þau atriði sem við viljum leggja áherslu á að unnið sé að og að ná eyrum ráðamanna.

Við vorum mjög ánægð með hvernig til tókst, þátttaka var góð, við tókum virkan þátt í umræðunum á fimmtudeginum og fengum góðar heimsóknir frá ráðherra sveitarstjórnar- og samgöngumála auk heimsókna frá fjölmiðlum, þingmönnum og öðrum sem koma að stefnumótun og framkvæmd. Á föstudeginum heimsóttu okkur fulltrúar Samgöngustofu, FÍB, Vegagerðar auk þess sem við fengum fyrirlestur um hugsanlega framtíðarmynd auk þess sem einn helsti baráttumaður fyrir bættu umferðaröryggi landsins, Ólafur Guðmundsson, hélt erindi.

Formaður Ungmennaráðs Grindavíkur, Karín Óla Eiríksdóttir var fulltrúi okkar í fjölda viðtala og til stendur að við heimsækjum samgöngunefnd Alþingis.

Verkefnið var styrkt af Erasmus+ og um leið og við þökkum fyrir styrkinn þökkum við þér fyrir þátttökuna. Við höfum rödd sem á að heyrast og með verkefni eins og þessu tryggjum við að á okkur sé hlustað. Með fylgja niðurstöðurnar úr hópavinnunni á fimmtudag og þessa punkta tókum við með okkur á fund nefndarinnar, sendum til þingmanna og ráðherra auk þeirra sem voru með okkur á fundinum.

Takk enn og aftur fyrir samveruna og þátttökuna

Ungmennaráð Grindavíkurbæjar

